

Alþingi
Erindi nr. P 132/37
komudagur 14.11.2005
32/37

Kópavogi, 14.11.2005

Til menntamálanefndar Alþingis

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum

Fyrir hönd Blindrabókasafns Íslands vil ég setja fram eftirfarandi umsögn um frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum, sem lagt var fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005-2006.

Í fyrstu grein laga um Blindrabókasafn segir: "Hlutverk Blindrabókasafns Íslands er að sjá blindum, sjónskertum, og öðrum þeim, sem ekki geta fært sér venjulegt prentað letur í nyt, fyrir alhliða bókasafnsþjónustu."

Safnið rækir framangreint hlutverk sitt fyrst og fremst með þeim hætti að framleiða sérstakar útgáfur af hefðbundnum bókum og lána þær út. Hefðbundnar, prentaðar bækur eru yfirfærðar í önnur form, sem henta lánþegum. Þar er annars vegar um að ræða blindraletur og hins vegar hljóðbókarform.

Um blindralettrið er sérstök heimild í núverandi höfundalögum, sem gefur safninu rétt til blindraletursútgáfu sinnar. Þetta er í 19. gr. laganna, en þar segir: "Heimilt er að prenta og gefa út með blindralettri bókmenntaverk og tónverk, sem út hafa verið gefin."

Slík heimild er ekki til staðar í lögum hvað varðar hljóðbókaútgáfu safnsins. Hins vegar kveður 9. gr. laga um safnið á um hljóðbókaformið, en þar segir: "Menntamálaráðuneytið gerir samning við Rithöfundasamband Íslands um rétt til að framleiða og dreifa ritverkum hljóðrituðum og á blindralettri."

Slíkur samningur er í gildi fyrir hljóðbækur, og það er á grundvelli hans sem safnið starfar varðandi hljóðbækur.

Framangreint heimildarákvæði í 19. gr. varðandi blindraletur kveður í raun á um undantekningu frá réttindum með þeim hætti, sem Infosoc tilskipun Evrópusambandsins gefur færi á, þ.e. skv. II. kafla, b-lið 3. mgr. 5. gr:

"3. Aðildarríkin geta kveðið á um undanþágur eða takmarkanir á réttindunum, sem kveðið er á um í 2. og 3. gr., í eftirfarandi tilvikum:"
og í b lið er:

"b) ef um er að ræða notkun í þágu fólks sem er fatlað og notkunin er í beinu sambandi við fötlunina og ekki viðskiptalegs eðlis og að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er vegna þessarar tilteknu fötlunar"

Það er því ljóst, að setja mætti víðari undanþágu í íslensku höfundalögin heldur en frumvarpið gerir ráð fyrir, þ.e. sem væri ekki bundin við blindraletur. **Það væri heppilegra fyrir hagsmuni Blindrabókasafns ef slíkt ákvæði væri til staðar, sem myndi vera sem opnast m.t.t. forms (blindraletur, hljóðbækur o.s.frv.) og miðlunarleiða.** Eftir sem áður þyrfti væntanlega samning við rétthafa af því tagi, sem lög safnsins gera ráð fyrir. Sá samningur yrði þá endurskoðaður með tilliti til breyttra höfundalaga og gæfi væntanlega færi á meiri sveigjanleika, en það er brýnt fyrir safnið nú á tímum gjörbreytinga í tækni og starfsháttum.

Nú er Blindrabókasafn að innleiða nýja gerð hljóðbóka (Daisy), sem er byggð á stafrænni tækni. Safnið hefur til þessa getað byggt starf sitt varðandi Daisy formið á núverandi samningi, en þróun Daisy tækninnar er ör, bæði varðandi form bókanna og miðlun, og núverandi lagarammi og núverandi samningur gætu orðið safninu fjötur um fót í að fylgja þróuninni og nýta nýja möguleika og leiðir.

Í 4. mgr. 6.gr. í III. kafla Infosoc tilskipunarinnar er mælt fyrir um ákvæði til að gefa notendum færi á að nýta sér undanþáguákvæði af því tagi, sem óskað var eftir hér að framan. Ákvæðum frumvarpsins í 12. gr. c-liðar um úrskurðarnefnd mun ætlað að koma til móts við þetta. Hér er tvennt að nefna.

Í fysta lagi er rétt að vekja athygli á, að slíkt myndi helst nýtast Blindrabókasafni með nokkuð sérstökum hætti, þ.e. ekki til að opna safninu leið að verkinu til afritunar eða venjulegs lestrar eða annars konar viðtöku, heldur til að komast yfir tölvutæka útgáfu efnisins, til frekari vinnslu yfir á form sem hentar endanlegum notanda. Ef það verkefni lægi fyrir safninu að setja verk með skilvirkum, tæknilegum réttindaverndarráðstöfunum yfir á t.d. blindraletursform, þá þyrfti safnið fyrst og fremst að geta komist fram hjá þeim ráðstöfunum að því marki að ná texta verksins yfir á opið, tölvutækt form, t.d. í ritvinnslukerfi, til að geta síðan unnið hann frekar til að koma honum yfir á blindraletur. Slíkt vandamál væri líklega oft leyst út frá frumgögnum sem upphaflegur útgefandi notaði til að framleiða verkið. Nú er þetta ekki stórt vandamál í dag fyrir safnið, og ekki ljóst, hvernig það mun koma fram í smáatriðum, en viðbúið er að þetta verði vaxandi vandamál í náinni framtíð, sem muni gera viðeigandi ráðstafanir í lögum brýnar.

Í öðru lagi skal nefnt, að það úrræði að leita til sérstakrar nefndar væri stirt og mjög til trafala fyrir Blindrabókasafn, heldur þyrfti fremur að tryggja safninu mun óheftari rétt í þessu efni. Nú væri þrátt fyrir það hugsanlega viðeigandi að til slíkrar nefndar mætti leita í undantekningatilfellum, en þá ber að hafa í huga, að sá frestur sem 12. gr. c-liðar frumvarpsins tilgreinir, 4 vikur, gæti reynst alltof langur í sumum tilfellum. Framleiðsla verka yfir á blindraletursform og hljóðbókaform tekur sinn tíma, og 4 vikur til viðbótar geta þýtt, að námsefni verði alltof seint tilbúið fyrir nemanda.

Við þá heildarendurskoðun höfundalaganna sem nú mun stefnt að er brýnt að gætt sé að hagsmunum Blindrabókasafns og lánþega þess.

Virðingarfyllst

Helga Ólafsdóttir
forstöðumaður Blindrabókasafns Íslands